

# FUGLAHUNDAEILD HRFÍ



**SKÝRSLA STJÓRNAR 2016**

**LÖGÐ FRAM Á ÁRSFUNDI DEILDARINNAR**

**26.FEBRÚAR 2017**





## Stjórn FHD

Í stjórn Fuglahundadeildar starfsárið 2016 sátu þau Albert Steingrímsson formaður, Guðbjörg Guðmundsdóttir ritari, Kristín Jónasdóttir meðstjórnandi, Unnur Aðalheiður Unnsteinsdóttir gjaldkeri og Þorsteinn Friðriksson meðstjórnandi. Á árinu voru haldnir 8 stjórnarfundir.

## Deildin

Fuglahundadeildin er safndeild innan HRFÍ sem fer með málefni fuglahunda (annarra en Enskra Seta, Írskra Seta og Vorsteh hunda) í tegundahópi 7. Í dag eru skráðir um 230 hundar á lífi af 8 tegundum í deildina;

- 1 Bracco Italiano
- 9 Breton
- 43 Enskir Pointerar
- 24 Gordon Setar
- 1 Korthals Griffon
- 1 Pudelpointer
- 120 Vizslur
- 40 Weimaraner

Tengiliður er fyrir hverja tegund :

Bracco Italiano	Guðbjörg Guðmundsdóttir ( <a href="mailto:isgullaskur@gmail.com">isgullaskur@gmail.com</a> )
Breton	Sigurður B. Björnsson ( <a href="mailto:sben@colas.is">sben@colas.is</a> )
Enskur Pointer	Ásgeir Heiðar ( <a href="mailto:pointer@vortex.is">pointer@vortex.is</a> )
Gordon Seti	Guðrún Jónsdóttir ( <a href="mailto:callas@simnet.is">callas@simnet.is</a> )
Korthals Griffon	Gunnar K. Magnússon
Pudelpointer	Atli Ómarsson ( <a href="mailto:atli@gamar.is">atli@gamar.is</a> )
Vizsla	Edda Sigurðardóttir ( <a href="mailto:eddaasig@gmail.com">eddaasig@gmail.com</a> )
Weimaraner	Kristín Jónasdóttir ( <a href="mailto:thr@simnet.is">thr@simnet.is</a> )

Tengiliðir sjá um að halda stjórn upplýstri um breytingar á heilsufarskröfum og öðru sem við kemur þeirra tegund.

Deildin telur um 65 virka félagsmenn (þ.e. félagsmenn sem eiga hund í deildinni og hafa greitt árgjöld sín til HRFÍ).

Á aðalfundi HRFÍ í maí 2016 var stofnun deildar Enskra Setans samþykkt, en það þýddi að Fuglahundadeild missi um 20% af hundum deildarinnar, þetta hafði samt mun meiri áhrif en tölurnar segja þar sem margir eigendur Enskra Seta eru mjög virkir innan félagsins.

## **Starfsemi**

Á síðasta starfsári hélt deildin þrjú heiðapróf og tvö sækipróf og var mjög góð þátttaka í þeim öllum. Þá voru haldin opin hús með fjölbreyttri dagskrá, æfingagöngur farnar og skipulagðar æfingar fyrir sækiprófin. Sýninganefnd sá um sýningaþjálfun og deildin tók þátt í stórhundadögum í Garðheimum þar sem okkur gefst tækifæri til að kynna tegundir deildarinnar fyrir almenningi.

## **Got á árinu**

Eitt got var á árinu en í apríl 2016 litu dagsins ljós sjö Enskir pointer hvolpar hjá Vatnsendaræktun.

## **Innflutningur**

Fluttir voru inn tveir Weimaraner, ein Vizsla, einn Bracco Italiano, einn Pudelpointer og einn Korthals Griffon. Stjórn býður þessa nýkomnu deildarmeðlimi velkomna og hlakkar til að hitta þá í viðburðum deildarinnar og félagsins.

## **Dagskrá 2017**

Dagskrá fyrir starfsárið 2017 og fjárhagsáætlun var sent til stjórnar HRFÍ til samþykktar en með tilkomu nýrrar deildar Enska setans var þó ljóst að prófin sem þessar fjórar deildir lögðu til að yrðu haldin voru of þétt og of mörg að mati stjórnar. Þær tvær deildir sem sóttu um flest próf voru beðnar að fækka þeim, sem FHD gerði. Breytt dagskrá var síðan samþykkt af stjórn HRFÍ á fundi 17. janúar síðastliðinn og birt á heimasíðu FHD þann 19. janúar. Haldin verða tvö veiðipróf á heiði Kaldaprófið og Áfangafellsprófið, tvö sækipróf og síðan er nýjung en haldið verður próf sem sniðið er að þörfum meginlandshunda að sænskri fyrirmynd. Þar verður prófað eftir sænskum reglum og sænskur dómari fenginn til að dæma. Þetta próf er til reynslu til að sjá hvort þessi tegund prófa henti hér á landi og vonandi getum við í framhaldinu fengið íslenskar prófreglur fyrir þessi próf. Þetta fyrsta meginlandshundapróf verður opið próf, þ.e. hundar munu fá einkunnir og umsagnir en einkunnirnar verða ekki metnar til stiga.

Deildin mun standa fyrir opnum húsum á sunnudögum fram eftir vori og er ýmislegt spennandi á dagskrá svo sem tegundakynningar, gps námskeið og fleira. Eftir að heiðin verður hvíld munu taka við æfingar fyrir sækiprófin þar sem æft verður hlýðni, spor og vatnavinna.

Sýninganefnd deildarinnar hefur staðið fyrir sýningaþjálfun fyrir sýningar HRFÍ og verður engin breyting þar á nú á þessu starfsári.

## **Sýningar**

Fjórar sýningar voru haldnar árið 2016 á vegum HRFÍ og gekk hundum FHD mjög vel á þeim öllum.

Á febrúarsýningu félagsins varð ISShCh RW-15 NLW-15 Loki (Ungversk Vizsla) þriðji besti hundur sýningar, úrslit í tegundahópi 7 raðaðist þannig :

1. ISShCh RW-15 NLW-15 Loki (Ungversk Vizsla)
2. RW-16 C.I.E. ISShCh Huldu Morganna Mozart (Weimaraner)
3. Munkefjellets Mjöll (Strýhærður Vorsteh)
4. Eðal Jörundur Írskur Setter)

Á Reykjavík Winner sýningu félagsins varð C.I.E. ISShCh Huldu Morganna Mozart (Weimaraner) þriðji besti hundur sýningar, úrslit í tegundahópi 7 raðaðist þannig :

1. RW-16 C.I.E. ISShCh Huldu Morganna Mozart (Weimaraner)
2. ISCh Bendishunda Móri (Snögghærður Vorsteh)
3. ISShCh RW-15 NLW-15 Gwendariff Choc Nut Chip (Írskur Setter)
4. RW-16 ISShCh Embla (Ungversk Vizsla)

Á alþjóðlegri sýningu HRFÍ þann 24. júlí varð C.I.E ISShCh Huldu Morganna Mozart (Weimaraner) besti hundur sýningar, úrslit í tegundahópi 7 raðaðist þannig :

1. RW-16 C.I.E. ISShCh Huldu Morganna Mozart (Weimaraner)
2. C.I.B. ISCh Bendishunda Jarl (Snögghærður Vorsteh)
3. ISShCh RW-15 NLW-15 Loki (Ungversk Vizsla)
4. ISShCh RW-15 Eðal Kormákur (Írskur Setter)

Á síðustu sýningu ársins náði einn hvolpur sem tilheyrir FHD sæti um besta hvolp sýningar 6 – 9 mánaða en Guzzi da Dama di Ala D'Oro (Bracco Italiano) varð 4 besti hvolpur sýningar í sínum aldurshópi. Önnur úrslit í tegundahópi 7 urðu :

1. RW-16 C.I.E. ISShCh Huldu Morganna Mozart (Weimaraner)
2. RW-14 Bendishunda Saga (Snögghærður Vorsteh)
3. ISShCh RW-15-16 NLW-15 Gwendariff Choc Nut Chip (Írskur Setter)
4. ISShCh RW-15 NLW-15 Loki (Ungversk Vizsla)

## Veiðipróf

Þrjú heiðapróf á vegum FHD voru haldin á árinu. Það fyrsta, Ellaprófið, var haldið 19. mars og var þátttaka mjög góð eða 7 skráningar í unghundaflokk og 13 skráningar í opinn flokk. Dómarar voru Svafar Ragnarsson og Pétur Alan Guðmundsson, prófstjóri Unnur A. Unnsteinsdóttir og fulltrúi HRFÍ Pétur Alan Guðmundsson. Þrjár hundar náðu einkunn í prófinu, það voru Veiðimela Karri (Snögghærður Vorsteh) með 2. einkunn í unghundaflokki og besti hundur prófs í unghundaflokki, Húsavíkur Kvika (Enskur Setter) með 1. einkunn í opnum flokki og besti hundur prófs í opnum flokki og C.I.B. ISCh ISFtCh RW-13-14 Heiðnabergs Bylur von Greif 2. einkunn í opnum flokki. Húsavíkur Kvika fékk til varðveislu Náttúrubarnið, farandbikar sem gefinn var í nafni Erlends Jónssonar fuglahundadómara. Prófið gekk mjög vel þrátt fyrir að lítið hafi verið um fugl á svæðinu.

Kaldapróf FHD sem haldið var norðan heiða 6. – 8. maí, þar voru 4 dómarar sem skiptu með sér að dæma það próf, þeir voru : Iver Svare, Odd Harald Sorbøen, Egill Bergmann og Svafar Ragnarsson, prófstjórar voru Sigurður Ben. Björnsson, Jón Garðar Þórarinsson og Dagfinnur Smári, fulltrúi HRFÍ var Egill Bergmann.

Á föstudeginum var prófað í unghunda- og opnum flokki og dæmdu norsku dómararnir þá. Tíu hundar voru skráðir í unghundaflokk og náðu 5 hundar einkunn, Veiðimela Jökull (Snögghærður Vorsteh) náði 1. einkunn og var besti hundur prófs í unghundaflokki, Veiðimela Karri (Snögghærður Vorsteh) og Veiðimela Feyja (Snögghærður Vorsteh) náðu bæði 2. einkunn og Veiðimela Krafla (Snögghærður Vorsteh) og Veiðimela Yrja (snögghærður Vorsteh) náðu báðar 3. einkunn. Í opnum flokki voru 15 skráningar og náðu 7 hundar einkunn. Hafrafells Hera (Enskur Setter) náði 1. einkunn og var besti hundur prófs í opnum

flokk, þrjú hundar náðu 2. einkunn þeir: Heiðnabergs Gleipnir von Greif (Snögghærður Vorsteh), Ice Artemis Blökk (Strýhærður Vorsteh) og Háfjalla Askja (Enskur Setter) og þrjú sem náðu 3. einkunn þeir : Fjallatinda Alfa (Snögghærður Vorsteh), Gagganjunis Von (Írskur Setter) og Rjúpnasels Funi (Enskur Setter).

Á laugardeginum var prófað í öllum flokkum, en því miður náði enginn hundur sæti í keppnisflokk. Úrslit í unghundaflokk voru : Vinterfjellet's Bk Héla (Breton) 1. einkunn og besti hundur prófs í unghundaflokk, Veiðimela Karri (Snögghærður Vorsteh) 1. einkunn, Veiðimela Krafla (Snögghærður Vorsteh), Veiðimela Jökull (Snögghærður Vorsteh) og Vindlælas Ta-Kria (Enskur Setter) náðu öll 2. einkunn og Veiðimela Yrja (Snögghærður Vorsteh) og Munkefjellets Mjöll náðu 3. einkunn. Í opnum flokki varð ISFtCh Háfjalla Týri (Enskur Setter) besti hundur prófs í opnum flokki með 1. einkunn og þær Hafrafells Hera (Enskur Setter) og Fjallatinda Alfa (Snögghærður Vorsteh) náðu báðar 2. einkunn.

Á sunnudeginum var keppt í keppnisflokk og prófað í unghundaflokk en ekki náðust nægar skráningar í opinn flokk. Úrslit í keppnisflokk urðu : 1. sæti með meistarastig Heiðnabergs Gáta von Greif (Snögghærður Vorsteh), 2. sæti ISCH C.I.B. ISFtCh RW-13-14 Heiðnabergs Bylur von Greif (Snögghærður Vorsteh), 3. sæti Húsavíkur Kvika (Enskur Setter) og 4. sæti Bendishunda Jarl (Snögghærður Vorsteh). Í unghundaflokk varð Vinterfjellet's Bk Héla (Breton) besti hundur prófs í unghundaflokk með 2. einkunn og Veiðimela Jökull (Snögghærður Vorsteh) og Veiðimela Krafla (Snögghærður Vorsteh) bæði með 3. einkunn. Í Kaldaprófinu eru veitt sérstök verðlaun fyrir þann hund sem hefur besta samanlagða árangurinn föstudag og laugardag og í ár var það Veiðimela Karri (Snögghærður Vorsteh) sem hlaut þau verðlaun sem kallast Karra Kalda bikarinn.

Fyrri sækipróf FHD var haldið 17. og 19. júní og var prófið sett í Sólheimakoti báða dagana. Dómari var Arild W. Hansen og prófstjóri var Haukur Reynisson. Átta hundar voru skráðir í opinn flokk þann 17. júní og náðu 5 hundar einkunn, Silva SGT Schultz Rider (Weimaraner) varð besti hundur prófs með 1. einkunn, Bláskjárs Skuggi Jr. (Weimaraner) 1. einkunn, ISCh RW-15-16 Bláskjárs adamsYrsa (Weimaraner) 1. einkunn, Heiðnabergs Gleipnir von Greif (snögghærður Vorsteh) 1. einkunn og C.I.B. ISCh Huldu Bell von Trubon 2. einkunn. Síðari prófdaginn voru einnig átta hundar skráðir til prófs í opnum flokki og náðu sex hundar einkunn. Besti hundur prófs með 1. einkunn var Silva SGT Schultz Rider (Weimaraner), ISCh RW-15-16 Bláskjárs adamsYrsa (Weimaraner) 1. einkunn C.I.B. ISCh Huldu Bell von Trubon (Weimaraner) 1.einkunn, Bláskjárs Skuggi Jr. (Weimaraner) 1. einkunn, Heiðnabergs Gleipnir von Greif (Snögghærður Vorsteh) 1. einkunn og Bláskjárs adamsGarpur (Weimaraner) 2. einkunn.

Síðara sækipróf FHD var haldið 6. og 7. ágúst. Dómari var Gunnar Gundersen, dómaranemi Guðni Stefánsson og prófstjóri Lárus Eggertsson. Metskráning var í prófið alls 17 hundar hvorn daginn, þar af 2 í unghundaflokk. Á laugardeginum náði hvorugur unghundanna einkunn en úrslit í opnum flokki fóru þannig að Bláskjárs Skuggi Jr. (Weimaraner) varð bestur í opnum flokki með 1. einkunn og aðrir sem hlutu einkunn voru : C.I.B. ISCh Huldu Bell von Trubon (Weimaraner) 1. einkunn, Silva SGT Schulz Rider (Weimaraner) 2. einkunn, Ice Artemis Blökk (Strýhærður Vorsteh) 2. einkunn, ISCh RW-15-16 Bláskjárs adamsYrsa (Weimaraner) 2. einkunn, RW-16 Ice Artemis Hera (Strýhærður Vorsteh) 2. einkunn, Bláskjárs adamsGarpur (Weimaraner) 2. einkunn og Stangarheiðar Bogi (Snögghærður Vorsteh) 3. einkunn. Á sunnudeginum náði Munkefjellets Mjöll (Strýhærður Vorsteh) 1. einkunn í unghundaflokk og var besti hundur prófs í þeim flokki. Í opnum flokki varð besti hundur prófs Ice Artemis Mjöllnir (Strýhærður Vorsteh) með 1. einkunn, aðrir sem náðu einkunn voru : Ice Artemis Blökk (Strýhærður Vorsteh) með 1. einkunn, Bláskjárs Skuggi Jr. (Weimeraner) með 1. einkunn, Silva SGT Schultz Rider (Weimaraner) með 1. einkunn, C.I.B. ISCh Huldu Bell von Trubon (Weimaraner) með 1. einkunn, ISCh RW-15-16 Bláskjárs adamsYrsa (Weimaraner) með 2. einkunn, Bláskjárs adamsGarpur (Weimaraner)

með 2. einkunn, C.I.B. ISCh ISFtCh RW-13-14 Heiðnabergs Bylur von Greif (Snögghærður Vorsteh) með 3. einkunn og C.I.B. ISCh Zetu Jökla (Snögghærður Vorsteh) með 3. einkunn.

Helgina 17. – 19. september var síðan síðasta heiðapróf FHD haldið við Áfangafell á Auðkúluheiði. Dómarar í þessu prófi voru Thom Thorstenson og Frank-Gunnar Björn frá Noregi og Guðjón Arinbjörnsson. Fulltrúi HRFÍ var Egill Bergmann og prófstjórar Einar Örn Rafnsson og Pétur Alan Guðmundsson. Prófað var í öllum flokkum alla þrjá dagana. Á föstudeginum náði enginn unghundur einkunn, en í opnum flokki og best í flokki með 1. einkunn varð Ice Artemis Blökk (Strýhærður Vorsteh), aðrir sem náðu einkunn voru Rjúpnasels Rán (Enskur Setter) með 2. einkunn og Veiðimela Karri (Snögghærður Vorsteh) með 2. einkunn. Í keppnisflokki varð Fjallatinda Alfa (Snögghærður Vorsteh) í 1. sæti, í 2. sæti varð Heiðnabergs Gleipnir von Greif, í 3. sæti Heiðnabergs Gáta von Greif og í því fjórða C.I.B. ISCh ISFtCh RW-13-14 Heiðnabergs Bylur von Greif. Á laugardeginum náði einn unghundur einkunn en það var Bylur (Breton) sem náði 1. einkunn og var bestur í flokki. Í opnum flokki náði einungis einn hundur einkunn, Veiðimela Karri (Snögghærður Vorsteh) hann náði 2. einkunn og var bestur í flokki. Í keppnisflokki varð Heiðnabergs Gáta von Greif (Snögghærður Vorsteh) í fyrsta sæti, Heiðnabergs Gleipnir von Greif (Snögghærður Vorsteh) í öðru sæti, Fóellu Kolka (Breton) í því þriðja, C.I.B. ISCh RW-14 Karacanis Harpa (Enskur Pointer) í því fjórða og C.I.B. ISCh ISFtCh RW-13-14 Heiðnabergs Bylur von Greif (Snögghærður Vorsteh) í því fimmta. Á sunnudeginum var það Bylur (Breton) sem var eini unghundurinn til að ná einkunn en hann fékk 2. einkunn og varð bestur í unghundaflokki. Í opnum flokki varð Veiðimela Krafla (Snögghærður Vorsteh) besti hundur prófs með 1. einkunn, aðrir sem fengu einkunn voru Veiðimela Gló (Snögghærður Vorsteh) með 2. einkunn og Veiðimela Karri (Snögghærður Vorsteh) einnig með 2. einkunn. Einungis einn hundur náði sæti í keppnisflokki en það var C.I.B. ISCh ISFtCh RW-13-14 Heiðnabergs Bylur von Greif (Snögghærður Vorsteh) sem náði fyrsta sæti með meistarastigi.

## **Meistarar**

Einn hundur hlaut íslenska meistaranaufnbót á árinu

- ISCh RW-16 RW-15 Bláskjárs adamsYrsa (Weimaraner)

Þrjú hundar hlutu íslenskar sýningameistaranaufnbætur á árinu

- ISShCh RW-16 Embla (Ungversk Vizsla)
- ISShCh Holtabergs Astor (Ungversk Vizsla)
- ISShCh Kotru Atlas (Gordon Setter)

Tveir hundar hlutu alþjóðlegar meistaranaufnbætur á árinu

- C.I.B. ISShCh Huldu Lennox of Weimar (Weimaraner)
- C.I.B. ISCh RW-14 Karacanis Harpa (Enskur Pointer)

Einn hundur hlaut íslenska öldungameistaranaufnbót á árinu :

- C.I.E. ISShCh ISVetCh SLOPCh RW-16 Vadáfai Oporto (Ungversk Vizsla)

## **Stigahæstu hundar 2016**

FHD ákvað að heiðra bæri alla bestu hunda deildarinnar, og ræktendur, fyrir góðan árangur í vinnu og á sýningum HRFÍ. Listinn fyrir árið 2016 er :

*Sækipróf – opinn flokkur*

Bláskjárs Skuggi Jr. (Weimaraner)

*Sækipróf – ræktandi*

Bláskjár ræktun (Weimaraner)

*Heiðapróf – unghundaflokkur*

Vinterfjellet's Bk Héla (Breton)

*Heiðapróf – opinn/keppnisflokkur*

Fóellu Kolka (Breton)

*Heiðapróf – keppnisflokkur*

C.I.B. ISFtCh ISCh Vatnsenda Kjarval

*Heiðapróf – ræktandi*

Fóellu ræktun (Breton)

*Sýningar*

C.I.E. ISShCh RW-16 Huldu Morganna Mozart (Weimaraner)

*Sýningar-ræktendur*

Huldu ræktun (Weimaraner)

Bláskjár ræktun (Weimaraner)

## **Styrktaraðilar**

Aðalstyrktaraðilar deildarinnar á síðasta ári voru Dýrheimar, Melabúðin og Ölgerðin, en þau hafa staðið vel við bak deildarinnar. Þá kunnum við öðrum styrktaraðilum okkar bestu þakkir fyrir stuðning við einstaka viðburði deildarinnar en það eru Orion vefsmiðja, Vesturröst og Kalda verksmiðjan. Án styrktaraðila gæti starfsemi ekki verið jafn vegleg og hún hefur verið.



## Heimasíða

Fuglahundadeildin heldur úti mjög öflugri heimasíðu sem er mikið heimsótt. Þar eru ýmsar upplýsingar aðgengilegar um starfsemi deildarinnar og gagnagrunnur um alla fuglahunda sem skráðir eru hjá HRFÍ. Fundargerðir stjórnarfunda og almennra funda hafa verið birtar til að auðvelda félagsmönnum að fylgjast með því sem er á döfinni.

Á árinu var opnuð á ný facebook síða deildarinnar, en undir meira eftirliti stjórnarmanna. Á henni er að finna ýmsar upplýsingar og myndir og fréttir af viðburðum deildarinnar.

## Lokaorð

Nú gengur í garð einn blómlegasti tími deildarinnar þar sem nóg verður um að vera; veiðipróf, sýningar, þjálfanir, göngur og opin hús með fræðslu, svo fátt eitt sé nefnt. Þannig að allir ættu að geta fundið sér eitthvað við hæfi. Stjórn Fuglahundadeildar vill þakka félagsmönnum, prófstjórum, dómurum og öllum þeim sem komu að starfinu á s.l. ári kærlega fyrir allt það óeigingjarna starf sem lagt hefur verið af mörkum fyrir deildina. Starfsemi Fuglahundadeildar er öll unnin í sjálfboðavinnu og án ykkar væri þetta ekki hægt.

f.h. Fuglahundadeildar Albert Steingrímsson, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Kristín Jónasdóttir, Unnur Aðalheiður Unnsteinsdóttir og Þorsteinn Friðriksson.

Fuglahundadeild HRFÍ (kt. 670309-0290)  
Bankareikningur (0536-04-761745)

## Rekstrarreikningur ársins 2017

	Gjöld	Tekjur
Nethýsing	47.334	
Þorablót	16.055	104.799
Kostnaður við verðlaunagrip	35.499	
Fjáröflun		150.425
Sýningarþjálfun		64.005
Sækiaefingar		14.150
Styrkur Melabúðin		150.000
Styrkur Dýrheimar		58.525
Kaldapróf	775.915	522.500
Áfangafell	341.353	180.000
Sækipróf júní	143.915	
Sækipróf ágúst	73.923	
Fjármagnstekjuskattur og innvextir	2.937	14.717
Uppgjör HRFÍ*		231.437
Útistandandi uppgjör HRFÍ		143.308
	1.436.931	1.633.866
Rekstrarhagnaður	196.935	
<b>Samtals:</b>	<b>1.633.866</b>	<b>1.633.866</b>

\*Að baki uppgjóri HRFÍ liggur Ellapróf, Kaldapróf, bæði sækiprófin ásamt Áfangafellsprófi FHD.

Skráningargjöld voru kr. 552.759,- fyrir veiðipróf að frádregnum VSK. Ýmis kostnaður greiddur af HRFÍ var kr. 374.745,-.

Dýrheimar, umboðsaðili Royal Canin á Íslandi, greiddu að venju flug eins erlends veiðiprófsdómara, til viðbótar við styrk að fjárhæð 58.525,- kr. Að auki gáfu Dýrheimar FHD varning til sölu sem lið í fjáröflun deildarinnar, en sá varningur seldist fyrir kr. 150.425,-

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Hrein eign Fuglahundadeildar HRFÍ 31. desember 2016 var kr. 684.890,- í lausfé, þar af kr. 541.582,- á bankabók (0536-04-761745) og kr. 143.308,- óinnheimt hjá HRFÍ.

Til samanburðar var hrein eign þann 31. desember 2015 kr. 434.525,-

Reykjavík 19. febrúar 2017

Fyrir hönd stjórnar Fuglahundadeildar

Unnur Aðalheiður Unnsteinsdóttir, gjaldkeri